



Reykjavík, 24.janúar 2020

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Efni: Umsögn Fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar um drög að sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020-2024.

Fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar fagnar að sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins taki mið af þeim miklu samfélagsbreytingum sem hafa átt sér stað með fjölgun innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir þeim fjársjóði sem íslensku samfélagi býðst þegar innflytjendur koma hingað, margir þeirra búa yfir verðmætri menntun og starfsreynslu sem er akkur fyrir íslenskt samfélag. Öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa nú þegar unnið að stefnumótun á þessu sviði en sú vinna þarf að vera í stöðugri þróun.

Fjölmeningarráð fagnar því að í sóknaráætluninni sé þátttaka barna af erlendum uppruna í íþróttum og frístundum sérstaklega nefnd þar sem hún er afar mikilvæg.

Í þessu samhengi vill fjölmeningarráð koma á framfæri að gott væri að nefna einnig menntun barna af erlendum uppruna á þeim skólastigum sem eru á ábyrgð sveitarfélaga. Með því að veita börnum af erlendum uppruna góða menntun frá upphafi má hafa jákvæð áhrif á farsæla þróun samfélagsins í heild sinni.

Á glæru nr. 35 er nefndur eftirfarandi punktur: „Samþætta innflytjendur betur – stéttaskipting“.

Með því að ræða um samþættingu er miklum áfanga náð. Það þýðir að gengið sé út frá því að öll ábyrgðarsvið sveitarfélaga hafi innflytjendagleraugun uppi við ákvarðanatöku.

Með þeim hætti má auka jafnræði og koma í veg fyrir margvísleg vandamál, þannig að ráðið fagnar að hafa slíkt ákvæði í áætluninni.

Hins vegar mætti orðalag vera skýrara til að einfalda öllum að fylgja þessari nálgun eftir í sinni stefnumótun – ekki þarf að samþætta innflytjendur heldur samfélagið.

Mikilvægt er að hafa í huga að samþætting felur í sér framlag allra, innflytjenda og samfélagsins í heild, til þess að samþætta hagsmuni, réttindi og daglegt líf alla íbúa landsins. Nauðsynlegt er að skoða hvernig samfélagið og stofnanir þess mæta þörfum innflytjenda eigi að skoða gagnkvæmni samþættingar. Það mættihafa þetta sem útgangspunkt í megináherslum áætlunarinnar þar sem þessi samfélagsþróun er líklega með stærstu áskorunum sem sveitarfélögin standa nú frammi fyrir.

Tillögur að skýrara orðalagi gætu verið:

„Samþætta betur fjölmeningarvinkillinn á öllum ábyrgðarsviðum sveitarfélaganna“

“Styðja við jafnræði innflytjenda í gegnum samþættingu á öllum ábyrgðarsviðum sveitafélagana”

„Setja upp innflytjendagleraugin alls staðar í störfum sveitarfélagsins“

“Fjölmeningarleg samþætting á öllum ábyrgðarsviðum sveitarfélaga”

Virðingarfyllt,

formaður fjölmeningarráðs

Sabine Leskopf